


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>PÝS103</b>	<b>Námsáætlun Haustönn 2015</b>

<b>Kennari</b>	Theódóra Anna Torfadóttir	<b>Sk.st.</b>	TAT
----------------	---------------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Byrjunaráfangi. Kynnt verða nokkur meginatriði um þýskumælandi lönd og þeirra samskipti við Ísland. Skyldleiki þýsku og íslensku er skoðaður t.d. í orðmyndun. Unnið verður með einfalda texta sem tengjast daglegu lífi og störfum nemenda. Lögð verður áhersla á markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforðans. Þau málfræðiatríði sem tengjast myndun einfaldra setninga og spurninga verða kynnt, þar sem þess gefst kostur í tengslum við tjáningaræfingar. Þar sem seinni áfangar byggja á þessum grunni er mikilvægt að treysta undirstöðurnar með endurteknu námi þar sem mikilvægustu atriðin eru sífellt rifjuð upp. Lögð verður áhersla á að nemendur tileinki sér virka hlustun, skilji einföldustu fyriræli kennarans á þýsku og geti tjáð sig á einfaldan máta bæði munnlega og skriflega.

**Markmið:** Kennsluefnið samanstendur af almennum orðaforða. Kennslan stefnir að því að gera nemendur sem fyrst sjálfbjarga á þýskri tungu og gefa þeim góðan grunn í þýskri málfræði. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér orðaforða og séu eftir þennan áfanga færir um þýða stutta lestexta án orðabókar og að tjá sig skriflega og munnlega um eigin hagi. Auk þess munu nemendur eftir áfangann hafa náð tökum á notkun ákveðins og óákveðins greinis (kyn nafnorða), neitun með „kein“ og „nicht“, spurnarfornöfnum, eignarfornöfnum (*minn, þinn, sinn*), ábendingarfornöfnunum (*þessi, hvaða?*), sagnbeygingu í nútíð, og þremur háttarsögnum, „müssen“, „können“ og „wollen“.

**Námsgögn:** lesbók                      Netzwerk A1 - Kursbuch                      Langenscheidt 2013  
vinnubók                      Netzwerk A1 - Arbeitsbuch                      Langenscheidt 2013


**ATH: Orðabók á netinu:** [dict.leo.org](http://dict.leo.org) (eða leita að „Leo dictionary“) **Moodle:Pýs101v15**  
(orðalisti aftast í lesbók)

**Námsmat og vægi námsþátta:**

A <sup>1</sup>	<b>Vinnueinkunn, 15%</b>	
4%	Heimav. 1	Orðaforði, málnotkun Ólesinn texti, þýðingar, mynda setningar
4%	Heimav. 2	Orðaforði, málnotkun Ólesinn texti, þýðingar, mynda setningar
4%	Heimav. 3	Orðaforði, málnotkun Ólesinn texti, þýðingar, mynda setningar
3%	Tilfallandi heimaverkefni	
B <sup>2</sup>	<b>Tímaverkefni, 25%</b>	
20%	Stöðupróf	Tímaverkefni án orðabókar.
5%	Framburðarverkefni	Upplestur valins texta byggðum á þeim framburðareinkennum sem hafa verið æfð
C	60%	<b>Skriflegt lokapróf</b> Orðaforði, málnotkun – <u>án orðabókar</u>

1Missi nemandi af einhverjum námsmatsþætti lækkar einkunnin sem því nemur. Skilafresturinn gildir.

2 Ath. engin sjúkrapróf eru í þessum námsmatsþáttum. Missi nem. af viðkomandi þætti hækkar vægi lokaprófs sem því nemur.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>PÝS103</b>	<b>Námsáætlun Haustönn 2015</b>

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Dagsetning	Atburðir/Skil	Yfirferð	Námsmat
35	24.8.-28.8.		Kafli 1	
36	31.8-4.9.		Kafli 1	
37	7.9.-11.9.		Kafli 2	
38	14.9.-18.9.		Kafli 2	
39	21.9-25.9.	Heimaverkefni 1	Kafli 2-3	
40	28.9.-2.10.		Kafli 3	
41	5.10.-9.10.		Kafli 3	Stöðupróf
42	12.10.-16.10.	Heimaverkefni 2	Kafli 3-4	
43	19.10.-22.10.	Afmæli Helga magra 23.10.	Kafli 4	
44	27.10.-29.10.	Afmæli Ketils flatnefs 26.10	Kafli 4	
45	2.11.-6.11.		Kafli 4-5	Framburðarverkefni
46	9.11.-13.11.		Kafli 5	
47	16.11.-20.11.		Kafli 5	
48	23.11.-27.11.	Heimaverkefni 3	Kafli 5	
49	2.12.		Kafli 5	Próftími hefst 3.12.

- Birt með fyrirvara um breytingar -

**Ábending:** Síma- eða tölvunotkun, notkun I-pod eða sambærilegt er ekki heimil í áfanganum. Endurtekin brot á ákvæðum skólareglna og/eða mæting án viðhlítandi námsgagna varðar brottrekstur úr tíma.

**Dagsetning: 19.8.2015**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils